

Iðnaðarráðuneytið og umhverfisstjórnuneytið

Húsavík 10. Maí 2012

Efni: Umsögn umtillögu að drögum til þingsályktunar um verndar og orkunýtingaráætlun – Mótmæli við tillögu um að setja Gjástykki í verndarflokk.

Ég undirritaður lýsi yfir andstöðu minni við að Gjástykki sé sett í verndarflokk og tel að forsendur fyrir þeim gjörningi séu hæpnar og niðurstaða ekki í samræmi við þær forsendur sem fyrir liggja og unnið var útfrá. Niðurstaða faghópa rammaáætlunar var líka allt önnur. Þá virðist og niðurstaða 12 fulltrúa verkefnisstjórnar hafa verið sú sama þangað til að stjórnin hætti að vinna faglega.

Ég tel sorglegt hvernig búið er að glutra niður sögulegu tækifæri til að ná sátt í orkunýtingarmálum með því að leiða geðþóttaákvarðanir, fordóma og vanþekkingu til öndvegis og hundsa vilja heimamanna. Fyrir liggur svæðisskipulag, staðfest af umhverfisstjórnun, sem sveitarfélögin á svæðinu sameinuðust um og var sú vinna til mikillar fyrirmyndar.

Ég fer fram á að tillögu til þingsályktunar um verndun og orkunýtingu verði breytt og gert verði ráð fyrir að hægt verði að vinna allt að 50 MW af raforku á því svæði í Gjástykki sem skilgreint er sem orkuvinnslusvæði í staðfestu svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum enda orkuvinnsla ein meginforsenda fyrir atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Virðingarfyllst

Tryggvi Jóhannsson
áhugamaður um sjálfbæra orkunýtingu og fagleg vinnubrögð
Baldursbrekku 9
Húsavík